

Alþingi - Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2021
UST202102-189/H.G.
04.00

Efni: Umsögn um frumvarp til stjórnskipunarlaganna um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands - 466. mál

Við er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 12. febrúar sl. þar sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds, umhverfisvernd, auðlindir náttúru Íslands og íslensk tunga), 466. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 (hér eftir stjskr.), þar á meðal að bæta við mannréttindakafla stjórnarskrár ákvæðum er varða umhverfisvernd og þjóðareign á auðlindum.

Líkt og rakið er í frumvarpinu hefur margsinnis verið rætt um að bæta inn ákvæðum er varðar auðlindir og hafa allnokkur frumvörp verið lögð fram til stjórnskipunarlaganna á Alþingi þar sem gert er ráð fyrir auðlindaákvæði í stjórnarskrá. Ákvæði um náttúru og umhverfi hefur ekki eins langa sögu á Íslandi en hafa þó verið tekin upp í stjórnarskrár margra ríkja undanfarin ár og áratugi. Umhverfisstofnun telur það löngu tímabært að ákvæði um þessi atriði verði sett í stjórnarskrá Íslands.

Í a-lið 22. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 78. gr. stjskr. komi ákvæði, 79. gr., er varðar umhverfisvernd. Umhverfisstofnun telur að ákvæðið taki á helstu umhverfiþáttum þ.m.t. í samræmi við verndarmarkmið laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en að ákvæðið gæti kallað á frekari útfærslur í lögum.

Í b-lið 22. gr. frumvarpsins er fjallað um auðlindir í náttúru Íslands. Lagt er til að nýtt ákvæði bætist við mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og verði 80. gr. hennar. Umhverfisstofnun leggur til að tekin verði afstaða til þess hvort losun mengunarefna í viðtaka teljist nýting í skilningi ákvæðisins. Í þessu samhengi má til að mynda nefna starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem mæla m.a. fyrir um viðmiðunarmörk fyrir losun, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef losun í viðtaka telst nýting gæti slík túlkun kallað á laga- og reglugerðarbreytingar t.d. varðandi yfirfærslu starfsleyfa, gjaldtöku og þrotabú.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur